

SAMÞYKKTIR VARÐAR TRYGGINGA HF.

1. grein

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Vörður tryggingar hf.

2. grein

Heimili félagsins er að Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

3. grein

Tilgangur félagsins er að hafa með höndum hvers konar váttryggingastarfsemi, aðrar en líftryggingar (frumtryggingar), svo og lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Starfssvæði félagsins er Ísland, Evrópska efnahagssvæðið, Færeyjar og Grænland.

4. grein

Hlutfé félagsins er kr. 1.367.812.095 (krónur einn milljarður þrjúhundruð sextíu og sjö milljón áttahundruð og tólf þúsund nítíu og fimm). Hver hlutur að fjárhæð 1 kr. (ein króna) að nafnvirði.

5. grein

Verði hlutfé aukið skulu hluthafar jafnan hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína. Að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum er félagsstjórn, í samráði við löglega boðaðan fund í félaginu, setur í hvert skipti.

6. grein

Hlutfé veita hluthafa full réttindi, þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um. Öll hlutabréf skulu nafnskráð og er félagsstjórninni skylt að halda jafnan nákvæma hlutaskrá.

7. grein

Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

8. grein

Hlutir í félaginu eru gefnir út rafrænt samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Sá sem eignast hlutabréf í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskrá, skv. ákvæðum laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eigenda- eða aðsetursskipti

9. grein

Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf sín.

10. grein

Hver hluthafi er skyldur til, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af hans hálfu, að hlíta samþykktum félagsins, þeim sem nú eru settar, eða eins og þeim síðar kann að vera breytt á lögmætan hátt.

Hluthafar bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlutaeign sína í því.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir til að pola innlausn á hlutum sínum.

Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið nema með samþykki allra hluthafa.

11. grein

Innan þeirra takmarka er samþykktir þessar setja hafa lögmætir félagsfundir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

12. grein

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir þörf vera á.

Þá skal stjórnin og boða til aukafundar ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess skriflega og tilgreina ástæðu fyrir nauðsyn aukafundar. Stjórnin skal senda fundarboð um aukafund innan 14 daga frá því að lögmæt krafa er fram komin og skal halda fundinn eigi síðar en 30 dögum eftir að krafan kom stjórninni í hendur. Nú hefur stjórnin ekki sent fundarboð innan 14 daga frá móttöku kröfunnar og getur endurskoðandi og/eða hluthafar þá sjálfir boðað fundinn.

Félagsfundir skulu haldnir á Íslandi eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar.

13. grein

Til félagsfundar skal stjórnin boða með ábyrgðarbréfi, auglýsingu í dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt og skal fundur boðaður með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Aðalfund skal þó boða með minnst tveggja vikna fyrirvara. Fundarmála skal stuttlega getið í fundarboðinu. Félagsfundur er lögmætur ef viðstaddir eru svo margir hluthafar eða umboðsmenn þeirra að þeir hafi umráð yfir meirihluta hlutafjárins, enda hafi fundurinn verið löglega boðaður. Mæti eigi meirihluti hluthafa á löglega boðaðan félagsfund skal boða til annars fundar á venjulegan hátt innan mánaðar og í fundarboði tekið fram að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nógu margir á þeim fyrri. Síðari fundurinn er löglegur án tillits til hve margir sækja fundinn, enda verður eingöngu fjallað um sömu mál á fundinum og vera áttu á dagskrá á fyrri fundinum.

14. grein

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og stjórnar hann síðan kjöri fundarritara. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmæti fundarins, samkvæmt ákvæðum þessara samþykpta, stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Atkvæðagreiðslur skulu jafnan vera skriflegar, ef einhver fundarmanna krefst þess.

15. grein

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- 1) Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir hið liðna starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til úrskurðar.
- 3) Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
- 4) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
- 5) Tillögur til breytingar á samþykktum ef borist hafa.
- 6) Kosning stjórnar
- 7) Endurskoðandi félagsins eða endurskoðendafélag kosið.
- 8) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir næsta kjörtímabil.
- 9) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

16. grein

Á aukafundum verður aðeins tekin ákvörðun um þau mál er nefnd hafa verið í fundarboði.

17. grein

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut sem þeir eiga í félaginu.

Hluthafi getur látið umboðsmenn sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt dagsett umboð. Umboðið gildir aldrei lengur en í fimm ár frá dagsetningu þess. Umboðið má hvenær sem er afturkalla.

Hluthafa er heimilt að hafa með sér ráðgjafa á félagsfundi en ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem félagið kann að eiga sjálft. Þá fylgir ekki atkvæðisréttur hlutabréfum sem dótturfélag kann að eiga í félaginu.

18. grein

Í sérstaka gjörðabók skal rita allar fundarsamþykktir og stutta fundargerð þar sem ákvarðanir fundar og annað er gerist á félagsfundum er skráð. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði fundarmanna og undirskrifa þær síðan fundarstjóri og fundarritari. Þessi fundargerð skal vera full sönnun þess sem fram hefur farið á fundinum.

19. grein

Stjórn félagsins skal skipuð a.m.k þeim lágmarksfjölda aðal- og varamanna sem lög kveða á um. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 40., 41., og 42. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Aðalfundur félagsins kýs stjórn og skal kjörtímabil stjórnarmanna vera til næsta aðalfundar. Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir aðalfund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls – og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

Félagsstjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og hefur á hendi allar framkvæmdir fyrir félagið, þær er heyra til rekstri þess, og gætir réttar félagsins

gagnvart öðrum. Stjórnin hefur heimild til að taka lán fyrir félagið eftir því sem hún telur nauðsynlegt og getur skuldbundið félagið og eigur þess þ.á.m. veðsett þær með ályktunum sínum og samningum.

Undirskrift þriggja stjórnarmanna, þar af skal stjórnarformaður vera einn, er skuldbindandi fyrir félagið. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á jöfnu skal atkvæði stjórnarformanns ráða úrslitum. Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn, þar af skal einn vera stjórnarformaður, eru mættir. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það er fram fer á fundum hennar og staðfestist hún með undirskrift mættra stjórnarmanna.

20. grein

Stjórnin kýs sér formann, varaformann og ritara. Stjórnin heldur fundi, þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri félagsins eða endurskoðandi þess krefjast þess.

21. grein

Stjórn félagsins skal ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið og veita honum prókúruumboð. Félagsstjórnin hefur heimild til að víkja honum frá störfum.

22. grein

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar. Þá semur stjórn félagsins skýrslu stjórnar með ársreikningi.

23. grein

Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skal kjósa á aðalfundi ár hvert. Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur í samræmi við ákvæði 70. gr. laga nr. 100/2016. Skoðunarfélagið skal rannsaka reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllu bókhaldi og skjölum félagsins í þeim tilgangi.

24. grein

Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningum sem skýrsla þeirra. Ársreikningurinn og skýrsla endurskoðanda skal liggja frammi að minnsta kosti vikutíma fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

25. grein

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögur um skiptingu ársarðs og tekur fundurinn svo fullnaðarákvörðun um hvernig honum skuli varið. Jafnframt ákveður fundurinn hver þóknun stjórnarmanna skal vera fyrir starf sitt á starfsárinu svo og ágóðaðþóknun fyrir framkvæmdastjóra sé hún ekki ákveðin í ráðningarsamningi hans. Arð skal greiða þegar eftir að hann hefur verið ákveðinn af aðalfundi.

26. grein

Samþykktum félagsins má breyta á félagsfundi, sem boðaður hefur verið með löglegum fyrirvara, enda hljóti breytingin samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Væntanlegra breytinga skal getið í fundarboði. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar sem tilskilið er, en breytingin verið samþykkt með 2/3 atkvæða mættra hluthafa, þá skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt og það tekið fram að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nógu margir á þeim fyrri. Sé á þeim fundi greidd 2/3 atkvæða með breytingunni öðlast hún gildi án tillits til hve margir hafa sótt fundinn.

27. grein

Uppfylli félagið ekki lágmarkskröfur laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 hvað varðar gjaldþol, eða slíkt sé fyrirsjáanlegt, skal stjórn félagsins þegar gera Fjármálaeftirliti viðvart og semja áætlun um hvernig og hvenær úrbætur verði gerðar. Áætlun þessa skal senda Fjármálaeftirliti í samræmi við sömu lög.

28. grein

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og skal þá ákvörðun um slíkt tekin af hluthöfum er ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins.

Fundur sá, sem samþykkir á lögsmættan hátt að slíta félaginu, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og um greiðslu skulda. Fundurinn kveður á um hvort skiptarétturinn skuli taka búið til meðferðar, eða hvort kjósa skuli skilanefnd til að sjá um skiptin. Slík skilanefnd má þó eigi taka til starfa fyrr en eftir að hún hefur fengið staðfestingu hlutafélagaskrár.

29. grein

Ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 og ákvæði laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi gilda um önnur atriði en þau sem fjallað er um í samþykktum þessum, eftir því sem við á.

Samþykkir síðast samþykktar á aðalfundi 12. mars 2020 falla úr gildi.

Reykjavík, 10. mars 2021

F.h. Varðar trygginga hf.
Guðmundur Jóhann Jónsson, forstjóri.